



ÞINGGERÐ 2. ÞINGS

KEILUSAMBANDS ÍSLANDS

HALDIÐ 29. APRÍL 1995

2. ÞING KEILUSAMBANDS ÍSLANDS

**haldið laugardaginn 29. apríl 1995
Íþróttamiðstöðinni í Laugardal**

- 1. dagskráliður** *Pingsetning* *Haraldur Sigursteinsson* formaður Keilusambands Íslands bauð gesti velkomna á 2. þing Keilusambandsins.
- 2. dagskráliður** Formaður bað *Hafstein Pálsson* frá framkvæmdastjórn ÍSÍ um að taka að sér störf þingforseta. Var að þingforseti var valinn *Guðmundur J. Kristófersson* og þingritrarar þau *Sigurjón Harðarson* og *Erla Ívarsdóttir*. Það var samþykkt samhljóða. Hafsteinn tók því næst til máls og þakkaði fyrir sig.
- 3. dagskráliður** *Kosning fastra starfsmanna* Því næst var gengið til kosninga í fastanefndir og lýsti þingforseti eftir fulltrúum. Stungið var upp á fjórum fulltrúum í Laga- og leikreglnanefnd og var það samþykkt þrátt fyrir að reglan sé að þrír fulltrúar séu í nefndunum. Aðrir fulltrúar voru sjálfkjörnir.

Kosning nefnda

KJÖRBRÉFANEFND:	Magnús Árnason S. Unnur Vilhjálmsdóttir Þórir Eirksson	KGB KFR KFS
FJÁRHAGSNEFND:	Karítas Sigurvinsdóttir Ragna Matthíasdóttir Þórir Haraldsson	KFS KFR KFR
LAGA- OG	Gunnar Gunnarsson	KFR
LEIKREGLNANEFND:	Jónas Gunnarsson Sigurjón Guðfinnsson Þórir Ingvarsson	KR KGB KFR
ALLSHERJARNEFND:	Halldór Sigurðsson Ingimundur Helgason Sigurvin Hreinsson	KFR KGB KFS
KJÖRNEFND:	Birgir Ari Hilmarsson Hafsteinn Sigurvinsson Pétur Ástbjartsson	KGB KFS KFR

- 4. dagskráliður** *Skýrsla stjórnar* Þingforseti, *Hafsteinn Pálsson*, gaf formanni KLÍ, *Haraldi Sigursteinssyni*, orðið um skýrslu stjórnar. Vísast til hennar í ársskýrslu sambandsins fyrir 1994–1995.

Eftir að formaður hafði flutt skýrslu stjórnar leitaði þingforseti því næst eftir athugasemdum um boðun til þings. Engar athugasemdir komu, svo að þingforseti kvað upp að til þings sé löglega boðað. Þingforseti bað Kjörbréfanefnd að taka strax til starfa, en hinar nefndirnar biðu eftir þinghléi. Var það gert. Þrjú kjörbréf lágu fyrir og lagði hann til að Kjörbréfanefndin skoði bréfin. Kjörbréfanefnd fór út til að ræðast saman.

- 5. dagskráliður** *Endurskoðaðir reikningar* Því næst lagði *Hafsteinn Pálsson* fyrir þingið að reikningar yrðu skýrðir og síðan yrði sameiginleg umræða um skýrslu stjórnar og reikninga. Þar sem enginn hreyfði andmælum bað hann gjaldkera að fjalla um reikninga sambandsins. *Ingiber Óskarsson*, gjaldkeri KLÍ, fór yfir reikningana sem náðu yfir tímabilið 1. janúar 1994 til 31. desember 1994, tímabilið var 12 mánuðir nú en fyrsta tímabilið var 18 mánuðir. Vísast til reikninganna í ársskýrslu stjórnar.

Álit Kjörbréfa-nefndar

Þingforseti þakkaði gjaldkera fyrir lesturinn.

Því næst spurði hann Kjörbréfanefnd um fjölda fulltrúa og átti fjöldi þeirra að vera 19 og voru þeir allir viðstaddir nema einn úr Ungmennasambandi Kjalarnesþings og var enginn varafulltrúi mættur fyrir hann. Voru fulltrúar kynntir og stóðu þeir upp er nöfnin voru kölluð. Eftirtaldir fulltrúar áttu rétt til setu á þinginu:

Íþróttabandalag Reykjavíkur

Bragi Már Bragason	KR
Gunnar Gunnarsson	KFR
Halldór Sigurðsson	KFR
Hannes Kristinsson	KFR
Pétur Ástbjartsson	KFR
Ragna Matthíasdóttir	KFR
Sesselja Unnur Vilhjálmsdóttir	KFR
Sigurjón Egilsson (<i>mætti ekki</i>)	KR
Pórir Haraldsson	KFR
Pórir Ingvarsson	KFR
	Jónas Gunnarsson varafulltrúi

Íþróttabandalag Suðurnesja

Hafsteinn Sigurvinsson	KFS
Karítas Sigurvinsdóttir	KFS
Sigurborg Hafsteinsd. (<i>mætti ekki</i>)	KFS
Pórir Eiríksson	KFS

Ungmennasamband Kjalarnesþings

Birgir Ari Hilmarsson	KGB
Ingimundur Helgason	KGB
Magnús Árnason	KGB
Ragnar Haraldsson (<i>mætti ekki</i>)	KGB
Sigurjón Guðfinnsson	KGB

Umræður Þingforseti þakkaði Kjörbréfanefnd fyrir störfin og gaf orðið laust um skýrslu stjórnar og reikninga.

Bragi Már Bragason bað um sundurliðun á ferðalagakostnaði og þáttökugjöldum á rekstrargjaldaliðnum, hvernig það skiptist á milli landsliðsferða og ferða stjórnar-manna á fundi erlendis.

Ingiber skýrði það út og las upp sundurliðun þess, en helstu útgjaldaliðir voru ferðir Íslandsmeistara á Evrópubikarmót einstaklinga, en vegna breytinga voru tvö slík móttaldin á árinu, ca. kr. 300 þúsund. En stærsti kostnaðarliðurinn var ferð kvenna- og karlalandsliðsins á Evrópubikarmót liða í Hollandi, en slíkt mótt kostar okkur rúmlega eina milljón króna. Auk styrkti Keilusambandið unglings í sumarbúðir í Danmörku um kr. 20 þúsund hvern unglung. Er það fyrir utan kostnað vegna farar þjálfaranna.

Formaður sambandsins kom upp í pontu og sagði að ein keppnisferð með landslið karla og kvenna kostar ekki minna en 1 til 1,2 milljónir. Minntist hann á að landsliðið stæði að nokkru leyti sjálft að fjármögnun þessara ferða, en nauðsynlegt er að afla styrkja annars staðar frá.

Sigurjón Guðfinnsson þakkar stjórn fyrir góða skýrslu. Hann vill fá að sjá í næsta ársreikningi tölur síðasta árs í dálki til hliðar til að sjá samanburðinn á milli ára.

Ingiber svaraði því til að ekki hefði verið talið rétt að gera þetta nú vegna þess að ársreikningar síðasta árs hefðu náð yfir 18 mánuði og því ekki sambærilegir. Þetta verður tekið til greina við ársreikning næsta árs. Fleiri óskuðu ekki eftir að taka til máls. Þingforseti bar síðan reikningana upp til samþykktar og voru þeir samþykktir samhljóða.

Ávörp gesta

Hafsteinn Pálsson bar þinginu kveðjur frá forseta ÍSÍ, framkvæmdastjórn og starfsfólki með ósk um gott starf fram á veginn. Minntist hann á að samdráttur hefði verið í sölu Lottó vegna mikillar samkeppni og vildi hann hvetja menn að standa vörð um hagsmuni sína en Lottóið hefur verið ein helsta tekjulind margra íþróttasambanda, og einnig Keilusambandsins.

Hann ræddi einnig um mál Íþróttasambands Íslands og Ólympíunefndarinnar.

6. dagskráriður Fjárhagsáætlun

Næst á dagskrá er fjárhagsáætlun næsta árs. Gjaldkeri KLÍ, *Ingiber Óskarsson*, kynnti fjárhagsáætlunina. Vísað er til skýrslunnar. Fjárhagsáætlun var síðan afhent Fjárhagsnefnd til athugunar.

7. dagskráriður Laga- og leikreglnabreytingar

Því næst er lagði þingforseti fram þingskjölum um laga- og leikreglnabreytingar og spurði hvort nauðsynlegt væri að lesa allt plaggið áður en það væri lagt í hendur Laga- og leikreglnanefndar. Þingforseti lagði til að málsmeðferð yrði einfölduð, tillögurnar lagðar fram og fjallað almennt um þær. Einnig var samþykkt að lesa reglurnar aðeins einu sinni upp en fjalla sérstaklega um breytingarnar.

Umræður

Bragi Már Bragason vill fá að fylgja sínu frumvarpi úr hlaði.

Pórir Ingvarsson spyr um reglur ef tillögur séu dregnar til baka.

Haraldur Sigursteinsson spyr hvort að það sé tekið á slíku í Laga- og leikreglnanefnd. Þingforseti svaraði og lýsti eftir hvort einhver vill koma á breytingum eða draga sitt framvarp til baka. Enginn kvað sér hljóðs. Hann spurði aftur hvort einhver vildi koma fram með breytingar, t.d. hvort menn vilja draga reglur til baka eða koma með orðalagsbreytingar.

Bragi Már Bragason spurðist fyrir um bráðabana í liðakeppnum. Hann vill bæta orðini *ekki* inn í og hafa breytinguna þannig: „...að *ekki* verði heimilt að skipta leikmanni inn á.“ Alveg eins og vítaspyrnukeppni í fótbolta.

Haraldur Sigursteinsson benti á að gert sé ráð fyrir að flyta regluna yfir í reglugerð um keilumót í stað þess að hafa hana í mörgum reglugerðum.

Ingimundur Helgason ræddi um A-, B-, og C-mót. Hann vill fá nánari greiningu á þessum móturnum, hvað mótt þurfa að uppfylla til að fara í hvern flokk.

Hann ræddi einnig um bráðabana í liðakeppnum. Þar nefndi hann til síðasta Reykjavíkurmótt í úrslitunum og bikarkeppni og ræddi um að lið sem hafði skipt inn á lakari manni og lenti svo í bráðabana og fékk ekki að taka inn sterkari leikmenn. Hann vill að leyft sé að skipta inn á fyrir bráðabana.

Haraldur Sigursteinsson minnist á að í Þingskjali 14 vantar stafinn í inn á milli: „....verði sett í reglugerð...“ Einnig minntist hann á að reglur um bráðabana og þátttökurétt í Íslandsmótum og íslenskan ríkisborgarárétt þyrfti að samræma og setja inn í reglugerð um keilumót.

Gunnar Gunnarsson sagði fyrst að menn ætli að samræma reglugerðir um þátttökurétt í Íslandsmótum þá ætti að samræma reglugerðir um búninga liða í keppnum.

Magnús Árnason vildi að Laganefndin kæmi með meginlínur, einfaldaði og samræmdi reglur og tæki til þess góðan tíma t.d. nokkrar vikur. Þessu var mótmælt og bent á að reglur yrði að leggja fyrir þingið, sem yrði að samþykja þær þar. Framkomnum tillögum var síðan vísað til Laga- og leikreglnanefndar.

8. dagskráliður *Aðrar tillögur*

Enginn hóf upp raust sína svo að þingforseti bað nefndir að taka til starfa.

Pá var komið að þinghléi. Klukkan var 11:30 og átti að hittast aftur kl. 13:30.

P I N G H L É

Þingstörf hófust aftur 3 klst og 15 mín. seinna með því að tekin voru fyrir álit nefnda. *Hafsteinn Pálsson* bað *Póri Haraldsson* í Fjárhagsnefnd að grein fyrir álti nefndarinnar.

9. dagskráliður *Álit Fjárhags- nefndar*

Pórir Haraldsson benti á tvö atriði í tekjuliðnum sem þau gerðu athugasemd við og fengu þau skýringu við hjá *Ingiber* gjaldkera. Annað atriðið var tekjuaukningin á þátttökugjöldum af móturnum sem stjórnin reiknar með að fá inn og hinn liðurinn var auglýsingar, styrkir og safnanir v/ferða.

Fékk hann skýringu á þessu hjá *Ingiber* sem benti á hækkun skráningargjalds liða á næsta ári úr 15 í 20 þúsund, og fjölgun liða, og lagði hann til að þetta yrði samþykkt. Einnig höfðu þau gert athugasemdir við ferðakostnaðinn gjaldameginn. Einnig kom þar fram fullnægjandi skýring á (5 ferðir utan) og lagði hann einnig til að þetta yrði samþykkt.

Pingskjal 1

Fjárhagsáætlun KLÍ

Tekjur

Tekjur af Lottó.....	900.000,-
Útbreiðslustyrkur ÍSÍ.....	850.000,-
Þátttökugjöld af móturnum	1.100.000,-
Auglýsingar	150.000,-
Skráningargjald í allsherjarmeðaltal....	200.000,-
Auglýsingar, styrkir, safnanir v/ferða..	1.760.000,-
Brautarleiga í móturnum.....	4.900.000,-
Tekjur v/Norðurlandamóts	630.000,-
<i>Tekjur alls</i>	10.490.000,-

Gjöld

Ferðakostnaður	2.500.000,-
Útgáfustarf.....	150.000,-
Námskeið.....	300.000,-
Styrkir v/unglingastarfsemi	300.000,-
Verðlaun	400.000,-
Árgjald FIQ & WTBA	100.000,-
Skrifstofukostnaður	250.000,-
Húsaleiga	60.000,-
Annar kostnaður	100.000,-
Brautarleiga í móturnum.....	4.800.000,-
Útbreiðslu- og kynningarstarf	300.000,-
Kostnaður v/Norðurlandamóts	770.000,-
<i>Gjöld alls</i>	10.030.000,-

Tekjur umfram gjöld **460.000,-**

Fjárhagsáætlun KLÍ fyrir árin 1994–1995 var samþykkt samhljóða.

LÖG KEILUSAMBANDS ÍSLANDS

Pingskjal 2:

5. grein

Ársþingið fer með æðsta vald í málefnum KLÍ. Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda það. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu iðkenda keiluþróttu (16 ára og eldri), þannig að fyrir allt að 25 menn koma 2 fulltrúar og síðan einn fyrir næstu 25 upp í 100 iðkendur, og þá einn fyrir hverja 50 þar fram yfir. Þingið skal árlega háð í apríl. Skal boða það bréflega með minnst 6 vikna fyrirvara. Málefni sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu, skulu tilkynnt stjórn KLÍ minnst 4 vikum fyrir þingið. Þá skal stjórn KLÍ tilkynna sambandsaðilum dagskrá þingsins, ásamt tillögum og lagabreytingum sem borist hafa, í síðasta lagi 10 dögum fyrir þing.

Ársþingið er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðið.

Samþykkt samhljóða.

9. grein

Stjórn KLÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Stjórn KLÍ skipa 5 menn: formaður, varaformaður, ritari, gjaldkeri og fundarritari. Skal kjósa bundinni, leynilegri kosningu, formann fyrst til tveggja ára í senn, þá aðra stjórnarmenn til tveggja ára. Stjórnarmenn skipta með sér störfum. Kjósa skal einnig 3 menn í varastjórn til eins árs í senn, og taka þeir sæti í stjórninni ef aðalmaður forfallast. Koma þeir inn í sömu röð og þeir voru kosnir. Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk. Aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík. Reikningsár KLÍ er 1. janúar til 31. desember.

Samþykkt samhljóða.

ALMENNAR KEPPNISREGLUR KLÍ

Pingskjal 3:

Regla 128 Keilukúla – Breyting á yfirborði

Breytingar á yfirborði keilukúlu með því að nota rífefni eða vökva á meðan tekið er þátt í viðurkenndu móti eru bannaðar (m.a. er óheimilt að nota blaut handklæði).

Allar keilukúlur, sem þannig hefur verið breytt, skal taka úr umferð.

Samþykkt vegna reglu 128: Þetta bannar ekki notkun á viðurkenndum kúluhreinsunar-/bónvél á meðan á viðurkenndri keppni stendur.

Ef að sýnt er fram á að leikmaðurinn vissi fyrirfram að aðgerðir hans/hennar væru andstæðar þessari reglu, á leikmaðurinn á hættu að leikurinn (leikirnir) verði strokaður(ir) út. Auk þess á leikmaðurinn á hættu að vera útilokaður frá þeirri keppni sem fram fer.

Breytingartillaga frá KFR

Regla 128:

Undanþága verði veitt til hreinsunar á kúlu í keppni vegna mikilla óreininda er koma úr vélum eða boltarennum, þó aðeins blettir og undir eftirliti dómara.

Umsögn stjórnar:

Ekki breyta reglum FIQ, setja vinnureglur fyrir dómara

Nefndin fellst á umsögn stjórnar.

Samþykkt samhljóða.

Pingskjal 4:

Regla 209 Regla um hæga spilamennsku

Keilarar sem eru að undirbúa sig undir að stíga upp á stikbrautina og kasta kúlu, skulu hafa eftirfarandi rétt og skyldur:

1. Þeir geta aðeins krafist réttar gagnvart leikmanni sem gengur að stikbrautinni eða undirbýr kast á næstu braut til vinstri við þá.
2. Þeir skulu víkja gagnvart leikmanni sem gengur að stikbrautinni eða undirbýr kast á næstu braut hægra megin við þá.
3. Leikmenn skulu vera tilbúnir að kasta þegar að þeim kemur og skulu ekki draga upphaf atrennu sinnar ef næsta braut til hægri og vinstri er auð.
4. Ef leikmaður fer ekki eftir þeim atriðum sem lýst er í 1, 2 og 3 er hægt að telja það hæga spilamennsku. Leikmaður sem fer ekki eftir þessum atriðum skal áminntur af viðurkenndum starfsmanni mótsins á eftirfarandi hátt.
 - a. Með hvítu spjaldi við fyrsta brot (engin refsing).
 - Með gulu spjaldi við annað brot (engin refsing).
 - b. Fyrir þriðja brot og hvert brot þar á eftir í leikjablokk skal sýna leikmanni rautt spjald og skal hann fá engar (0) keilur fyrir rammann.

Nefndin leggur til að regla FIQ verði í alm. keppnisreglum án breytinga eða viðbóta.

Samþykkt samhljóða.

Reglugerð fyrir
landsliðsnefnd
KLÍ

Reglugerð fyrir landsliðsnefnd KLÍ

Pingskjal 7 – breyting frá nefnd:

6. grein (ný grein)

Leikmenn í stjórn KLÍ eða landsliðsnefnd skulu segja af sér tímabundið ef þeir eru valdir í landsliðshóp. Leikmenn í öðrum störfum á vegum KLÍ skulu segja af sér tímabundið, þegar þeir taka sæti í landsliðshóp, ef landsliðsnefnd óskar þess.

Samþykkt samhljóða.

Greinin sem var 6. grein í Reglugerð fyrir landsliðsnefnd verður 7. grein.

Reglugerð fyrir
mótanefnd KLÍ

Reglugerð fyrir mótanefnd KLÍ

Pingskjal 8

6. grein

Verkefni mótanefndar eru:

- a) að gera tillögur að skipulagi móta á keppnistímabilinu.
- b) að auglýsa og sjá um framkvæmd Meistarakeppni KLÍ.
- c) að auglýsa og sjá um framkvæmd Bikarkeppni liða.
- d) að auglýsa og sjá um framkvæmd Íslandsmóts 4ra manna liða.
- e) að auglýsa og sjá um framkvæmd Íslandsmóts í tvímenningi deildarliða.
- f) að auglýsa og sjá um framkvæmd Íslandsmóts para.
- g) að auglýsa og sjá um framkvæmd Íslandsmóts einstaklinga.
- h) að auglýsa og sjá um framkvæmd Íslandsmóts í tvímenningi.
- i) að taka ákvarðanir um frestun eða niðurfellingu leikja.
- j) að sjá um útgáfu mótabókar KLÍ. Skal hún koma út áður en Íslandsmót liða hefst.
- k) að hafa yfirumsjón með dómaraskyldu, birta lista yfir hana í mótabók og auglýsa sem best.

Samþykkt samhljóða.

Pingskjal 8.1 – Breyting frá nefnd

7. grein

Mótanefnd auglýsir eftir og tekur við þáttökutilkynningum fyrir Íslandsmót og Bikarkeppni. Keppnisdaga í Íslandsmótum skal auglýsa með minnst mánaðar fyrirvara í Mótabók KLÍ og/eða á töflum í keilusölunum. Jafnframt skal öllum keilufélögum/-keiludeildum send samsvarandi tilkynning.

Samþykkt samhljóða.

Reglugerð fyrir unglingsaneftnd KLÍ

Reglugerð fyrir unglingsaneftnd KLÍ

Pingskjal 10

3. grein

Nefndin skal sjá um framkvæmd Íslandsmóts unglings og Íslandsmóts unglingsaliða en mótanefnd skal skipuleggja leikdaga (sjá reglugerð um mótanefnd).

Samþykkt samhljóða.

Fella niður 4. grein og 5. grein breytist í 4. grein..

Samþykkt samhljóða.

Reglugerð KLÍ um keilumót

Reglugerð KLÍ um keilumót

Pingskjal 11 – Breyting við breytingartillögu á þinginu

1. grein – viðbót:

Mótum skal skipt í þrjá hópa.

A-mót: Mót á vegum KLÍ, samanber 3. grein, og mótt sem hlotið hafa samþykki KLÍ.

B-mót: Önnur mótt sem eiga að fara inn í allsherjarmeðaltal.

C-mót: Mót sem fara ekki inn í allsherjarmeðaltal.

Keilufélögin geta sótt um að mótt á þeirra vegum verði A-mót, t.d. héraðsmót. A-mót þarf að auglýsa með a.m.k. mánaðar fyrirvara og reglurnar um mótið skulu liggja fyrir er umsókn er send inn. Meðaltalsgjald greiðist af öllum A- og B-mótum.

Samþykkt samhljóða.

3. grein – Breyting á þingi

Árlega skal KLÍ halda eftirtalin mótt í keilu:

- Íslandsmót 4ra manna liða, karla og kvenna
- Íslandsmót í tvímenningi deildarliða, karla og kvenna
- Íslandsmót para, 1 karl og 1 kona
- Íslandsmót einstaklinga, karla og kvenna
- Íslandsmót unglingsa, fimm flokkar, pilta og stúlkna
- Bikarkeppni 4ra manna liða, karla og kvenna
- Meistarakeppni, 4ra manna liða, karla og kvenna
- Íslandsmót í tvímenningi
- Íslandsmót unglingsaliða

Um hvert þessara móta fyrir sig skal samin reglugerð.

Mótanefnd KLÍ skal koma með tillögu um niðurröðun leikdaga, sem skal unnin í samráði við keilufélögin. Hún skal send KLÍ til samþykktar.

Samþykkt samhljóða.

Pingskjal 11,1 – Breyting frá nefnd og á þingi:

5. grein:

Í einstaklings-, para-, tvímennings- og unglingskeppni geta allir félagsbundnir keilarar verið þáttakendur, en einungis íslenskir ríkisborgarar og erlendir ríkisborgarar með fasta og óslitna búsetu hér á landi í 5 ár geta unnið til verðlauna í Íslandsmótum.

Samþykkt með þorra atkvæða, á móti 4.

Pingskjal 11,2 – Breyting frá nefnd og á þingi:

13. grein

Í mótaum (sem KLÍ heldur eða viðurkennir) eru reykingar keppenda og áhorfenda ekki leyfðar.

Samþykkt með þorra atkvæða, á móti 3.

15. grein – ný grein:

Brautarmeðhöndlun.

Í A-mótum skal dregið og olíuborið eftir hverja 24 leiki á brautarpari. Brautarendar þrifnir eftir hverja 48 leiki.

Samþykkt samhljóða.

**Reglugerð KLÍ
um Bikarkeppni
liða**

Reglugerð KLÍ um Bikarkeppni liða

Pingskjal 14 – Þessi grein fer inn í Reglugerð KLÍ um keilumót sem 16.grein (ný grein):

3. grein – verði 16. grein í Reglugerð KLÍ um keilumót

Þegar leikinn er bráðabani, 9. og 10. rammi, til að skera úr um úrslit í liðakeppni er heimilt að skipta inn leikmanni sé hann á leikskýrslu.

Samþykkt 9, á móti 8

Pingskjal 15 – Breytingartillagan frá KFR er dregin til baka og þingskjalið dettur út

Pingskjal 4:

Viðmiðunarregla (Sett sem vinnuregla fyrir dómara)

Til viðmiðunar við beitingu á reglu 209 varðandi hæga spilamennsku skal dómarinn sérstaklega aðgæta alla keilara eða lið sem er meira en fjóra (4) ramma á eftir í einstaklings-, tvímennings- eða úrslitakeppni eða meira en tveim (2) römmum á eftir í þrímenningi og liðakeppni. Miðað er við fyrsta keilara eða lið en brautarpör til endanna eru þó ekki talin með.

17. grein – ný grein – í Reglugerð KLÍ um keilumót:

Tímamörk

Til þess að halda réttum hraða í spilamennskunni verða leikmenn að mæta leikmaninum sem þeir leika á eftir þegar hann/hún kemur niður af stikbrautinni.

Þeir skulu vera við „kúlurekkan“ innan 5 sekúnda frá því að undanfarandi keilari er kominn af stikbrautinni. Leikmenn eiga ekki að bíða eftir meira en 2 leikmönnum áður en þeir kasta (einum til hvorrrar hliðar). Leikmaður skal hefja atrennu innan 30 sekúnda frá því hann tekur sér stöðu á stikbrautinni og koma niður af stikbrautinni innan 10 sekúnda frá því að kúlan snertir keilurnar.

Samþykkt samhljóða.

18. grein – ný grein – (bætt inn af pingskjal 20)
Þjálfurum, liðstjórum eða aðstoðarmönnum er ekki heimilt að fara framfyrir skorborð nema með leyfi dómara.

Samþykkt samhljóða.

**Reglugerð KLÍ
um skráningu
skors**

Reglugerð KLÍ um skráningu skors

Pingskjal 12:

3. grein – viðbót í upphafi:

A-mót þarf að auglýsa með a.m.k. mánaðar fyrirvara og reglurnar um mótið skulu liggja fyrir er umsókn er send inn. (sjá nánar í reglugerð KLÍ um keilumót)

Samþykkt samhljóða.

**Reglugerð KLÍ
um Íslandsmet
í keilu**

Reglugerð KLÍ um Íslandsmet í keilu

Pingskjal 13 – Reglan helst óbreytt (breyt.tillaga frá KFR og stjórn eru dregnar til baka).

1. grein

Aðeins íslenskir ríkisborgarar geta sett Íslandsmet.

Samþykkt samhljóða.

**Reglugerð KLÍ
um Íslandsmót
liða**

Reglugerð KLÍ um Íslandsmót liða

Pingskjal 16 – Breytingar frá nefnd og á þingi:

2. grein:

Rétt til þátttöku hafa öll lið sem starfa innan végbanda KLÍ.
Þátttöku í Íslandsmóti liða skal tilkynna eigi síðar en 15. júní fyrir eldri lið og 15. ágúst fyrir ný lið, og skal jafnframt gengið frá þáttökugjaldi fyrir þann tíma.

Samþykkt samhljóða.

Pingskjal 16,1 – Breytingar frá nefnd og á þingi:

Tillögunni var skipt í þrennt og var kosið um hvern hluta fyrir sig.

1. Ef það verður fjölgun, þá taki hún gildi haustið 1996.

Samþykkt 8, á móti 6.

2. Hvort eigi að fjölga úr 10 liðum í 12 í 1. deild?

Samþykkt 6, á móti 3.

3. Á að fækka liðum í úrslitum úr 8 í 4?

Samþykkt 10, á móti 1.

3. grein. – Breytt tillaga stjórnar frá nefnd.

Leikið skal í deildum þannig að 12 lið leika í deildum eða eins og þátttaka leyfir. Fjölgua skal í 1. deild að loknu keppnistímabilinu 1995 – 1996. Leikið skal um sæti samkvæmt b) lið 3. greinar.

Leikin skal að lágmarki tvöföld umferð. Í fyrstu deild skal leikin úrslitakeppni 4ra efstu liðanna að lokinni tvöfaldri umferð í deildarkeppninni.
Grein 3 óbreytt að öðru leyti.

Fækkun liða í úrslitum tekur gildi strax.

Samþykkt 8, á móti 6.

Pingskjal 16,2 og Pingskjal 16,3 – Breytingar frá nefnd:

4. grein:

Fjögur efstu liðin eftir deildarkeppni komast í úrslitakeppni þar sem spilaðar eru tvær umferðir. Það lið sem endar ofar í deildarkeppninni skal eiga heima leik fyrst og svo til skiptis. Það lið sem fær hærra pinnafall vinnur leikinn og eru tvö stig fyrir unninn leik. Verði jafntefli skal leikinn bráðabani, 9. og 10. rammi.

- 1. umferð** leikur 1: lið 1 og lið 4
 leikur 2: lið 2 og lið 3

Það lið sem fyrr er að vinna two leiki sigrar.

- 2. umferð** Sigurvegarar úr leik 1 og 2 úr 1. umferð spila til úrslita og það lið sem fyrr vinnur þrjá leiki sigrar og hlýtur nafnbótina „Íslandsmeistarar liða í karlaflokk“.

Tapliðin úr 1. umferð skulu leika um 3. sætið og það lið sem vinnur hlýtur 3. sætið.

Samþykkt samhljóða

Pingskjal 16,4 – Breytingartillaga frá nefnd:

5. grein – Deildarkeppni kvenna:

a) Niðurröðun í deildir

Keppnistímabilið 1995–1996 skal spila í einni deild. Ef 12 lið eða færri eru í deildinni skal spila úrslitakeppni 4ra efstu liðanna með sama sniði og í 1. deild karla. Ef 13 lið eða fleiri eru í deildinni skal skipta henni í two riðla.

Eftir næsta tímabil skal skipta í tvær deildir. Sex efstu liðin eftir næsta tímabil halda sæti sínu í fyrstu deild, en önnur lið falla. Ef um riðlakeppni er að ræða verða þau 4 lið sem eru í úrslitakeppninni í 1. deild ásamt þeim 2 liðum sem eru með hæsta meðalskor. Úrslitakeppnin fellur niður. Tvö neðstu lið í hverri deild falla í næstu deild fyrir neðan (undantekning: neðsta deild) og þeirra sæti taka tvö efstu liðin úr þeirri deild.

Séu 10 lið eða færri í 1. og 2. deild skal sameina þær í eina deild.

Ef liðafjöldi í 2. deild nær 10 liðum skal fjölga um 2 lið í 1. deild, og leika liðin sem féllu úr 1. deild við 3. og 4. sæti í 2. deild um tvö viðbótarsætin.

b) Leikið skal í deildum á eftirfarandi hátt:

I) 9 til 10 lið – tvær umferðir

II) 7 til 8 lið – þrjár umferðir

III) í deildum með 6 liðum eða færri skulu leiknar 4 umferðir.

Báðar deildir skulu keppa á sama kvöldi ef mögulegt er.

c) Lið dregur sig úr keppni – óbreytt nema 3. mgr. breyta 12 í 10.

d) Sigurvegari í 1. deild kvenna hlýtur titilinn „Íslandsmeistari liða í kvennaflokk“ og sigurvegari í 2. deild kvenna hlýtur titilinn „Íslandsmeistari 2. deildar kvenna“.

Samþykkt samhljóða.

**Reglugerð KLÍ
um Íslandsmót í
tvímenningi
deildarliða**

Reglugerð KLÍ um Íslandsmót í tvímenningi deildarliða

Pingskjal 17 – Breytingartillögur frá nefnd:

1. grein

Íslandsmót í tvímenningi deildarliða skal haldið árlega í karla- og kvennaaflokki í ágúst þannig að úrslitin séu spilað síðustu helgina í ágúst.

Samþykkt samhljóða.

2. grein

Pátttökuréttur

Rétt til þátttöku hafa öll lið sem taka þátt í Íslandsmóti 4ra manna liða. Hverju liði er heimilt að senda fleiri en einn tvímenning enda sé liðsskipan hvers tvímennings skráð sérstaklega. Leikmenn geta aðeins keppt með einum tvímenningi og flutningur á milli er ekki leyfður.

Samþykkt samhljóða.

3. grein

Keppnisfyrirkomulag

Forkeppni

Spilaðir eru 6 leikir í hverjum keilusal. Tíu efstu tvímenningsliðin komast í úrslit og ræður pinnafall röðinni.

Ef lið eru jöfn að pinnum skal spila 9. og 10 ramma uns úrslit fást. Skorið fylgir ekki inni í úrslitin.

Úrslit

Allir spila við alla, tvöfalda umferð, 9 leiki hvorn dag (laugardag og sunnudag). Tvö stig fást fyrir unninn leik og eitt stig fyrir jafntefli. Ef lið eru jöfn að stigum, hlýtur það lið, sem er með hærra pinnafall, efta sætið.

Samþykkt samhljóða.

4. grein – Var 6. grein í gömlu reglunum og helst óbreytt

Búningar

.....

Pingskjal 17.2 – Breytingar frá nefnd og á þingi:

5. grein

Leikskýrslur

Forkeppni

Fyrir hvern leik skal skrá á leikskýrslu kennitölur og nöfn leikmanna. Að leik loknum skal síðan skrá skortölur beggja leikmanna og samtals skor liðsins.

Úrslit

Fyrir hvern leik skal skrá á leikskýrslu kennitölur og nöfn leikmanna ásamt heiti liðs mótherja.

Að leik loknum skal síðan skrá skortölur beggja leikmanna, samtals skor liðsins og andstæðinganna og stigagjöf. Síðan skal fá kvittun mótherja fyrir rétti skráningu.

Samþykkt samhljóða.

6. grein

Frestun viðureigna

Frestun er ekki tekin til greina.

Samþykkt samhljóða.

7. grein

Sætaröð

Ef lið eru jöfn að stigum og pinnafalli eftir úrslit skal spila 9. og 10. ramma uns úrslit fást.

Samþykkt samhljóða.

10. grein (felld niður)

Samþykkt samhljóða.

Reglugerð KLÍ
um Íslandsmót
para

Reglugerð KLÍ um Íslandsmót para

Pingskjal 18 – Breytingar frá nefnd:

1. grein

Íslandsmót para skal haldið árlega í janúar.

Samþykkt samhljóða.

Breytingartillaga KFR við 3. grein var dregin til baka.

Regla um íslenskan ríkisborgarrétt verði í samræmi við fyrri afgreiðslu pingsins.

4. grein

Leiknar skulu fjórar 3ja leikja seríur. Þrjú stigahæstu pörin leika síðan til úrslita með útsláttarfyrirkomulagi, þ.e. 3-2-1-1, úrslitaleikurinn tvöfaldur. Það par sem er með hærra pinnafall eftir 2 leiki er sigurvegari.

Sigurvegararnir hljóta titilinn „Íslandsmeistarar para”.

Samþykkt samhljóða.

Reglugerð KLÍ
um Íslandsmót
einstaklinga

Reglugerð KLÍ um Íslandsmót einstaklinga

Pingskjal 19 – Breytingar frá nefnd:

1. grein:

Íslandsmót einstaklinga skal haldið árlega í karla- og kvennaflokki í febrúar/mars.

Samþykkt samhljóða.

2. grein: (dettur út og númerabreytingar gerðar á hinum greinunum.)

Samþykkt samhljóða.

Pingskjal 19,1 – Breytingar frá nefnd:

Skipta varð þessari grein í þrennt og kosið um hvern hlut fyrir sig.
Í fyrsta lagi var kosið um hvort leikmaður mætti keppa flokki ofar en hann er skráður í.

6 voru með og 8 á móti.

Í öðru lagi var kosið um skiptingar í karlaflokki:

<i>Meistaraflokkur</i>	175 og yfir	eða	180 og yfir
1. flokkur karla	155 til 174,9	eða	160 til 179,9
2. flokkur karla	0 til 154,9	eða	0 til 159,9

Lægri tölurnar voru samþykktar með 9 atkvæðum á móti 6.

Í þriðja lagi var kosið um skiptingar í kvennaflokki:

<i>Meistaraflokkur</i>	150 og yfir	eða	160 og yfir
1. flokkur kvenna	0 til 149,9	eða	0 til 159,9

Lægri tölurnar voru samþykktar með öllum greiddum atkvæðum.

3. grein:

Keppa skal í þremur flokkum karla og tveimur flokkum kvenna samkvæmt meðaltali 31. janúar.:

	<i>Karlaflokkar</i>	<i>Kvennaflokkar</i>
<i>Meistaraflokkur</i>	175 og yfir	150 og yfir
1. flokkur	155 til 174,9	0 til 149,9
2. flokkur	0 til 154,9	

Samþykkt með þorra atkvæða á móti 2.

Pingskjal 19,2: (breytingartillaga KR og KFR, aðeins breyting á forkeppninni)

4. grein.

Leikið skal á eftirfarandi hátt:

Forkeppni

Meistaraflokkur karla og kvenna og 1. flokkur karla:

Allir þátttakendurnir leika 6 leiki í senn í hverju húsi. Spilaðar eru 3ja leikja seríur og skipt um brautarpar eftir hverja seríu. Efstu 24 karlar og konur komast í milliriðil. Skorið úr forkeppninni fylgir í milliriðil.

Fella út allar tilvísanir um 2. flokk kvenna.

2. flokkur karla og 1. flokkur kvenna:

Allir þátttakendurnir leika eina 3ja leikja seríu í hverju húsi. Efstu 24 karlar og konur komast í milliriðil. Skorið úr forkeppninni fylgir í milliriðil.

Fella út allar tilvísanir um 2. flokk kvenna.

Samþykkt samhljóða.

Reglugerð KLÍ um Íslandsmót unglinga

Pingskjal 20 – Breytingar frá nefnd og á þingi:

Fella niður grein 2 og gera númerabreytingar

Samþykkt samhljóða.

4. grein

Þáttakendur í 1.–4. flokki leika 12 leiki í forkeppni og skal spila 3 leiki í senn.

Eftir hana spila þrír efstu í 1.–3. flokk 3-2-1-1 úrslit og skal úrslitaleikurinn vera tvöfaldur. Heildarskor úr báðum leikjunum ræður úrslitum, og hlýtur sigurvegarinn titilinn „Íslandsmeistari unglinga” í viðkomandi flokk.

Í 4. flokk hlýtur sá/sú sem er efstur/efst eftir forkeppni titilinn „Íslandsmeistari unglinga í 4. flokk”.

Þáttakendur í 5. flokk leika 8 leiki í forkeppni og spila 2 leiki í senn.

Í 5. flokk hlýtur sá/sú sem er efstur/efst eftir forkeppni titilinn „Íslandsmeistari unglinga í 5. flokk”.

Flokkarnir skulu spila saman í forkeppninni, þ.e.a.s. keppendur úr t.d. 2. flokk drengja keppa forkeppnina á sama stað á sama tíma eins mikið og mögulegt er.

Samþykkt samhljóða.

Reglugerð KLÍ um Íslandsmót í tvímenningi

Pingskjal 21 – Breytingar á þingi:

1. grein:

Íslandsmót í tvímenningi skal haldið árlega í maí.

Samþykkt samhljóða.

2. grein

Bæði konur og karlar geta myndað tvímenning. Þátttaka tvímennings er ekki bundin við að báðir aðilar komi úr sama félagi/héraði.

Samþykkt samhljóða.

Pingið heimilar að Íslandsmót í tvímenningi verði haldið í maí 1995,
þó ekki náist að auglýsa mótið með tilskyldum fyrirvara.

**Reglugerð KLÍ
um Íslandsmót
unglingaliða**

**Ný reglugerð
Reglugerð KLÍ um Íslandsmót unglingaliða**

Pingskjal 22 – ný reglugerð með breytingum frá nefnd og í þingi:

1. grein

Íslandsmót unglingaliða skal haldið árlega. Unglingar sem eru í 1. til 10. bekk grunnskóla hafa þátttökurétt.

2. grein

Unglingalið skulu skipuð a.m.k. 3 unglingum og er heimilt að hafa blönduð lið pilta og stúlkna. Þrír leika hverju sinni.

Íslandsmót unglingaliða skal haldið á tímabilinu október til apríl og skal leika a.m.k. einu sinni í mánuði.

3. grein

Íslandsmót unglingaliða skal skiptast í 2 aldursflokk, yngri og eldri.

Eldri hópur verður 7. til 10. bekkur og yngri hópur verður 1. til 6. bekkur.

Íslandsmót unglingaliða skal vera deildarskipt, 6 lið í hverri deild, (A, B, C, D).

Heimilt er þó að neðsta deild verði með færri og/eða fleiri liðum.

Öll liðin keppa við hin liðin í hverri umferð, einn leik. Tvö neðstu liðin falla niður í hverri deild eftir hverja umferð og tvö efstu liðin fara upp um deild.

Sigurvegari í seinustu umferð í A deild yngri hóp hlýtur titilinn „Íslandsmeistari unglingaliða 12 ára og yngri“.

Sigurvegari í seinustu umferð í A deild eldri hóp hlýtur titilinn „Deildarmeistari unglingaliða 13 ára og eldri“.

4. grein

Úrslitakeppni í eldri flokki

Fjögur efstu liðin úr síðustu umferð A-deilda fara í sérstaka úrslitakeppni.

Úrslitakeppnin skal öll fara fram á sama stað.

Lið númer 1 keppir við lið númer 4.

Lið númer 2 keppir við lið númer 3.

Þau lið, sem fyrir vinna 2 leiki, leika til úrslita.

Úrslitaleikir:

Það lið, sem fyrir vinnur þrjá leiki, sigrar og hlýtur nafnbótina „Íslandsmeistari unglingaliða í flokki 13 ára og eldri.“

Samþykkt samhljóða allar greinarnar í einu.

Ný reglugerð:

Reglugerð fyrir Upplýsinganefnd KLÍ

Pingskjal 23 – ný reglugerð:

1. grein

Upplýsinganefnd skal skipuð minnst þrem mönnum tilnefndum af KLÍ og skal formaður nefndarinnar skipaður sérstaklega.

2. grein

Upplýsinganefnd skal í samræmi við gildandi reglur sjá um og/eða hafa eftirlit með:

- liða- og félagaskiptum
- staðfestingu leikheimilda
- skráningu skors
- útgáfu allsherjarmeðaltals
- skráningu meta
- útgáfu metaskrár

3. grein

Upplýsinganefnd veitir stjórn og nefndum upplýsingar um þau atriði sem getið er um í 2 gr. en frumgögn skulu varðveitt hjá KLÍ.

4. grein

Í lok hvers keppnistímabils skal Upplýsinganefnd sjá um að fyrir liggi niðurstöður allra móta á vegum KLÍ, síðasta allsherjarmeðaltal og yfirlit yfir öll viðurkennd met.

5. grein

Upplýsinganefnd skal halda gerðabók og skrá þar ákvarðanir sínar.

Samþykkt samhljóða allar greinarnar í einu.

Reglugerð fyrir Aganefnd KLÍ

Reglugerð fyrir Aganefnd KLÍ

Pingskjal 6 – Verður sett í reglugerð fyrir dómara og bætist við 7. grein:

12. grein. Viðbót:

Ef um refsivert brot er að ræða skal dómari fullvissa sig um að aganefnd viti af brotinu með því að hafa samband við formann eða aðra nefndarmenn aganefndar eins fljótt og auðið er að leik loknum, en ekki síðar en 36 stundum frá lokum leiks.

Samþykkt samhljóða.

Reglugerð KLÍ fyrir dómara

Reglugerð KLÍ fyrir dómara

Pingskjal 5:

1. grein

Í öllum keppnum sem reiknast eiga inn í allsherjarmeðaltal skal dómari viðurkenndur af KLÍ vera viðstaddir og skal hann vera auðkenndur þannig að strax megi sjá hver dómarrinn er.

Samþykkt samhljóða.

Reglugerð fyrir Tækninefnd KLÍ

Reglugerð fyrir Tækninefnd KLÍ

Pingskjal 9:

Vísað yfir í „Önnur mál”. Ekki reglugerðarbreyting. „Par sem hvíta boxið neðst á síðunni er ekki hluti af reglugerð.”

Samþykkt samhljóða.

Hafsteinn Pálsson kvað upp að nú væri þessu lokið með laga- og leikreglnabreytingarnar. Hann sagði:

„Ég ætla að leyfa mér í ljósi þessarar reynslu að beina þeim tilmælum til komandi stjórnar að á einhvern hátt, að í undirbúningi fyrir þingið að kveða til menn fyrir næsta þing, ef það er hugmyndin að vera með laga- og leikreglnabreytingar á því þingi. Koma fram einhverjar slíkar hugmyndir, að vikurnar fyrir þing a.m.k. og fyrir en þörf kremur að gefa einhverjum útvöldum mönnum tækifærið að fá að fjalla um þær breytingar og tillögur, þannig að það náiist að samræma hugmyndir betur fyrir þing. Auðveldara fyrir þingið að starfa.”

Örstutt hlé var gert á fundinum. Einn fulltrúanna, *Hannes Kristinsson* úr ÍBR, þurfti að hverfa frá og var þá annar þingritara, *Erla Ívarsdóttir*, sem einnig var varafulltrúi ÍBR settur aðalfulltrúi í staðinn.

10. dagskráliður Önnur mál

Ingimundur kvaddi sér hljóðs og lagði til að skipuð yrði nefnd 3–5 manna til að fara yfir lög og reglugerðir og taka á móti breytingartillögum. Vildi stutt aukaþing í haust. Leggur fram tillögum um nefnd.

Haraldur Sigursteinsson formaður fannst hugmyndin góð með nefndina en bentí á að ekki væri gott að halda aukaþing á miðju keppnisári og breyta reglunum þá. Ræddi Haraldur um Íslandsmót í tvímenningi. Lagði hann til að það yrði haldið í ágúst þessa árs.

Tillagan um Laga- og leikreglnanefnd var samþykkt samhljóða og einnig tillagan um að halda Íslandsmót í tvímenningi í ágúst var einnig samþykkt samhljóða.

Bragi Már Bragason kom upp í pontu og kvartaði um að mótanefndin hefði síðastiðið ár ekki verið fullmönnuð. Ef ekki yrði bætt úr því myndi hann segja af sér.

Sigurjón Guðfinnsson bað þingritara eða þá sem myndu skrá inn breytingar í Laga- og reglugerðarbókina að skrá inn hvenær síðasta breyting var gerð í bókina. Hafa dagsetningar í smáu letri undir breytingarnar.

11. dagskráliður Kosning stjórnar

Kjörnefnd var kölluð upp af Þingforseta og *Birgir Ari Hilmarsson* sagði að einn væri í framboði í formannskjörið, *Haraldur Sigursteinsson*, og spurt var um mótframboð. Enginn mótframboð komu og var kjör Haralds samþykkt samhljóða.

Ingiber Óskarsson óskaði ekki eftir endurkosningu í stjórnina. Einnig átti *Guðmundur Jóhann Kristófersson* að ganga úr stjórn, en hann bauð sig fram í endurkjör.

Í framboði í stjórn voru þau *Guðmundur Jóhann Kristófersson*, *Hafsteinn Sigurvins-son* og *Helga Sigurðardóttir*. Var gengið til kosninga um þau þrjú. Úrslit urðu eftir-farandi:

Guðmundur Jóhann Kristófersson	16
Helga Sigurðardóttir	12
Hafsteinn Sigurvins-son	8

Í stjórn fara því þau *Guðmundur Jóhann Kristófersson* og *Helga Sigurðardóttir*.

Kosning í varastjórn

Í varastjórn þarf að kjósa í hvert sinn og í framboði voru þau *Valgeir Guðbjartsson*, *Jóna Alexandersdóttir* og *Magnús Árnason*. Stungið var upp á *Hafsteini Sigurvins-syni* en hann gaf ekki kost á sér og lýsti hann óánægju sinni yfir því hvernig staðið væri að kosningunum. Þar sem fleiri buðu sig ekki fram voru þau sjálfkjörin og var þetta allt samþykkt samhljóða.

**Kosning
endurskoðenda**

Endurskoðendurnir, *Guðni Gústafsson* og *Pétur H. Helgason*, gáfu kost á sér til áframhaldandi setu og komu engin mótframboð. Voru þeir sjálfkjörnir endurskoðendur Keilusambandsins.

**Kosning fulltrúa
á íþróttapring ÍSÍ**

Íþróttapring ÍSÍ verður ekki haldið fyrr en árið 1997, svo að ekki reyndist nauðsynlegt að kjósa fulltrúa Keilusambandsins nú.

**12. dagskráliður
Kosning í
dómstól**

Kosið var í dómstól KLÍ. Í framboði voru þeir *Guðjón Ólafsson*, *Friðrik Ólafsson*, *Jónas Gunnarsson* og til vara voru þau *Helga Sigurðardóttir* og *Pórður Tyrfingsson*. Var þetta samþykkt samhljóða.


**13. dagskráliður
Þingfundargerðir**

Þingforseti, *Hafsteinn Pálsson*, lagði til að þingriturum yrði gefinn kostur á að hreinskrifa fundargerðina og að hún yrði send fundarmönnum síðar og var tillaga þessi samþykkt.


**14. dagskráliður
Pingslit**

Nú steig *Haraldur Sigursteinsson* upp í pontu og þakkaði fyrir traustið, en ítrekaði einnig að þetta væri mikið og erfitt starf og þyrfti að koma til margar hendur til að þetta lenti ekki alltaf á sömu öxlunum. Hann þakkaði einnig *Hafsteini Pálssyni* vel unnin störf. Að svo búnu sleit hann 2. þungi Keilusambands Íslands.

Fundi slitið kl. 18:30.



Erla Ívarsdóttir
Erla Ívarsdóttir



Sigurjón Harðarson
Sigurjón Harðarson